

**75** þjer, fyrir hönd amtsráðsins og eptir beiðni bæjarstjórnarinnar á Akureyri, farið þess á 31. júlí leit, að jeg veitti samþykki mitt til hinna umræddu kaupa.

Fyrir því skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti hjermeð hið umbeðna samþykki, en jafnframt skal þess getið, útaf því sem tekið er fram í ofanefndu brjefi yðar um tryggingu hinnar umræddu stofu gegn eldsvoða, að stofa þessi er innifalin í þeirri brunabótaábyrgð fyrir 9500 kr., sem á sínum tíma var keypt fyrir fangahúsið á Akureyri samkvæmt virðingu á öllu húsinu, og álit jeg því að það væri eðlilegast að eigandi stofunnar greiddi tiltölulegan hlut af brunabóttagjaldinu af fangahúsinu eða  $\frac{2}{27}$  af því, einsog á sjer stað um lóðargjald og kirkjugjald af því, og fengi aptur á móti tiltölulegan hlut í ábyrgðarfjenu, ef til þess kæmi að fangahúsið brynni, en þetta hefur bæjarstjórnin hingað til ekki viljað gjöra. Jeg skal því, með þeirri athugasemd að brunabóttagjaldið af fangahúsinu öllu er á ári 47 kr. 50 a., skjóta því til yðar, hvort þjer, eða amtsráðið, viljið eptirleiðis fyrir hönd jafnaðarsjóðsins taka þátt í brunabóttryggingu fangahússins á þann hátt, sem nú hefur sagt verið.

**76** Brjef landshöfðingja til póstmestarans í Reykjavík um endurgjald fyrir glat-  
17. ág. aðar póstsendingar. — Með því að það er upplýst orðið með prófum þeim, sem haldin hafa verið útaf póstpjófnadi Magnúsar fyrrum vestanpósts Sigurðssonar, að hann meðal annars hefur stolið úr sjálfs síns hendi:

1. Peningasendingu frá Árna Finnssyni í Bæ á Raudasandi til konsúl M. Smiths í Reykjavík að upphæð 200 kr. sem hann tók við utantösku hjá póstafgreiðslumanninum á Bæ í Króksfirði til þess að skila henni til póstafgreiðslumannsins í Hjarðarholti í Dölum.
2. 170 kr. úr peningasendingu frá Jóni söðlasmið Jónssyni á Laugabóli til M. Meyers í Kaupmannahöfn, sem hann tók við í Vatnsfirði og átti að afhenda póstafgreiðslumanninum í Bæ í Króksfirði

og með því að þeir, er sendu peningana hafa æskt skaðabóta fyrir missi þeirra, samkvæmt því, sem þjer skýrðuð mjer frá, herra póstmestari, í þóknanlegu brjefi 24. marz f. á., þá vil jeg hjermeð skora á yður, að útborga þeim samkvæmt 13. gr. tilskipunar um póstmál 26. febr. 1872 upphæðir hinna glötuðu peninga og tilfæra upphæðirnar sem gjöld fyrir póstsjóðinn.

Að því er aptur á móti snertir sendingu þá, er ræðir um í ofanefndu brjefi yðar, peningabrjef að upphæð 50 kr. frá Jakobi Björnssyni til Oddbjargar Björnsdóttur á Vatneyri, þá hefur það ekki orðið upplýst, hvernig á hvarfi þessarar sendingar stendur, en þareð sendingin var talin á póstsendingaskrá frá Stað í Hrutafirði til Hjarðarholts í Dölum, og póstafgreiðslumaðurinn í Hjarðarholti samt ekki getur gjört neina grein fyrir, hvað um hana hafi orðið, eða hvort hún hefur nokkurntíma komið að Hjarðarholti, en ef svo hefði eigi verið, hefði hann átt að gjöra athugasemd um það á póstsendingaskrána frá Stað — þá verður póstafgreiðslumaður þessi að standa landssjóðnum, sem verður að greiða sendanda skaðabætur fyrir missi sendingarinnar, skil á upphæð þeirri, sem í peningabrjefinu var, 50 kr., og vil jeg biðja yður að tilkynna póstafgreiðslumanninum þetta, og leggja fyrir hann að greiða þessar 50 kr. hið fyrsta í póstsjóðinn, en

síðan ber yður að greiða upphæðina til þess, sem kom peningabrjefinu á póstin samkvæmt 13. gr. póstmálatilskipunarinnar.

76  
17. ág.

Í sambandi við þetta vil jeg ennfremur í tilefni af því, sem fram hefur komið við próf þau, er haldin hafa verið útaf hvarfi póstsendinga þeirra, er hjer ræðir um, skora á yður, að brýna fyrir póstafræðslumanninum á Bæ í Króksfirði að fylgja nákvæmlega reglum þeim, sem settar eru í leiðarvísi fyrir póstafræðslumenn og sjerstaklega reglunum í 7. og 8. gr. um afgangi póstantna, en þær hefur hann bæði brotið með því að gefa ekki vísbendingu um, þó póstsendingaskrá hafi vantað frá annari póstafræðslu og með því að afhenda póstinum peningasendingu, sem eigi var færð á póstskrá.

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samkvæmt tillögu amtsráðsins í norður- og austuramtinu hefur fje það, er hjer segir, verið veitt til búnaðarfyrirtækja í amti þessu:

1. Búnaðarskólanum á Hólum í Hjaltadal 1100 kr.
2. Búnaðarskólanum á Eyðum 300 kr., þó þannig að frá báðum þessum skólum verði komnir reikningar til amtsráðsins yfir tekjur og gjöld þeirra 18<sup>84/85</sup>, áður en hið umrædda styrktarfje verður útborgað.
3. Sýslunefndunum í Sudur- og Norður-Þingeyjarsýslu veittar 600 kr. til þess að senda mann til Englands til að komast fyrir, hvernig eigi að meðhöndla ull, til þess að hún verði sem útgangilegust, þó með því skilyrði, að sýslunefndirnar sjái um, að út komi á prenti skýrsla um árangurinn af ferð þess manns, sem sendur verður.

Sömuleiðis hafa verið samþykktar tillögur:

- sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu um að verja 400 kr. (sbr. Stj.tíð. 1885 B 17) til launa handa ferðabúfræðingi og 240 kr. (ásamt 230 kr. frá árinu 1884) til þess að koma upp ljóskerum á ýmsum stöðum í sýslunni, til leiðbeiningar fyrir sjófarendur;
- sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu um að verja 300 kr. (sbr. Stj.tíð B 17) til búfræðingahalds og 500 kr. til búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal;
- sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu (sbr. Stj.tíð. B 17) um að verja 770 kr. til búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal;
- sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu um að verja 770 kr. (sbr. Stj.tíð. B 17) til að launa búfræðingum, sem í sumar eiga að ferðast um sýsluna og vera bændum hjálplegir við jarðabætur;
- bæjarstjórnarinnar á Akureyri um að verja 40 kr. (sbr. Stj.tíð. B. 17) sumpart til að borga búfræðing fyrir tillögur í búfræðislegu tilliti og sumpart sem þóknun fyrir jarðepla og túnarækt;
- sýslunefndarinnar í Sudur-Þingeyjarsýslu um að verja 570 kr. (sbr. Stj.tíð B 17) sumpart til að launa með búfræðingum, er standa fyrir jarðabótavinnu í Þingeyjarsýslu nú í sumar og sumpart til verðlauna fyrir jarðabætur;
- sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu um að verja 230 kr. (sbr. Stj.tíð. B 17) á sama hátt.

10. gr. C. 5. a.

Veittar 2500 kr. til endurbóta á fjallveginum yfir Svínahraun.

10. C. 5 b.

Sýsluvegasjóði Mýra- og Borgarfjarðarsýslu veittur 400 kr. styrkur til framhalds vegagjörð á Geldingadraga.

13. gr. A b 4.

1650 kr. af fje því, sem ræðir um undir þessum lið, var skipt þannig milli uppgjafapresta og prestaekna: